



Keppnisferðir erlendis 2.-4. flokkur

Helga Jónsdóttir,
Margrét Skúladóttir Sigurz,
Sigrún Óttarsdóttir,
Margrét Ólafsdóttir,
Nóvember 2016

Efnisyfirlit

Til umsjónarmanna og foreldra.....	2
Undirbúningur:	3
4. flokkur kk og kvk:	3
2. flokkur og 3. flokkur	3
Að velja ferð:.....	3
Hin eiginlega keppnisferð.....	4
Liðsstjórar/fararstjórar.....	4
Ferðafatnaður.....	4
Hvað er innifalið í verði	5
Boðsferðir fyrir liðið.....	6

Til umsjónarmanna og foreldra.

Þessar upplýsingar eru til þessa fallnar að þú sem umsjónarmaður og foreldri getir auðveldlega lesið þig til um komandi verkefni.

Við sem setjum þetta saman erum foreldrar eins og þið en við höfum farið á nokkur fótboltamót og ferðir erlendis og viljum miðla reynslu okkar áfram.

Með von að þú njótir

Undirbúningur:

Allar utanlandsferðir krefjast mikils undirbúnings og fjáröflunar. Mikilvægt er að skipa í nefndir sem sjá um ýmsa þætti varðandi undirbúning utanlandsferða.

Dæmi um nefndir eru:

- Fjáröflunarnefnd (sjoppunefnd hjá 4.fl).
- Ferðanefnd.
- Fatanefnd.

4. flokkur kk og kvk:

Skapast hefur hefð fyrir því að 4. flokkur kk og kvk fari í utanlandsferð um mitt sumar á eldra ári. Strax eftir að 5. flokki lýkur hefst því vinna við undirbúning þessarar ferðar. Þótt mörgum finnist þetta langur tími þá er hann nauðsynlegur.

Vegna þessarar hefðar þá fær yngra árið í þessum flokki að reka vallasjoppu Breiðabliks og er það stærsta fjáröflun flokksins fyrir þessa ferð. Ekki er hægt að taka þátt í vallasjoppu og fá greitt út sinn hlut úr henni ef hætt er við að fara í utanlandsferðina enda er þessi fjáröflun eingöngu hugsuð fyrir þessa tilteknu utanlandsferð. Útbúin hefur verið sér handbók um rekstur vallasjoppunnar til að aðstoða fólk í undirbúningi og rekstri sjoppunnar.

Aðrar fjáraflanir 4. flokks eru t.d.: sala á Bláa Naglanum, Álfasala, útburður og margt fleira sem umsjónarmenn sjá um.

2. flokkur og 3. flokkur

Utanlandsferðir 2. flokks og 3. flokks eru ekki eins fastar í hendi og ferð 4. flokks en eru meira háðar áherslum þjálfara og ekki hafa skapast neinar fastar hefðir í þessum flokkum.

Umsjónarmenn þurfa því að vera í góðu sambandi við þjálfara til að setja upp fjáraflanir fyrir slíkar ferðir.

Að velja ferð:

Skipa þarf fólk í ferðanefnd eins fljótt og kostur er (a.m.k. í tilfalli 4. flokks). Það er að mörgu að huga og því ágætt að í nefndinni séu 3-6 úr hópi foreldra.

Ferðanefndin hjá 4. flokki sér um að stilla upp tillögum að mótum sem hægt er að fara á í samráði við þjálfara og framkvæmdarstjóra knattspyrnudeildar. Hjá 2. og 3. flokki eru það oft þjálfarar sem hafa frumkvæði af vali á mótum en ekki foreldrar en fá þá foreldra til að aðstoða við undirbúning.

Það eru nokkur atriði sem spila inn í hvaða ferð er hentugast að velja þegar farið er með stóran hóp af krökkum erlendis.

- Hver er stærð hópsins - Hvað þarf t.d. að fara með mörg lið – tekur mótið á móti svona mörgum liðum frá einu félagi?
- Hversu sterk eru mótin sem hægt er að velja um og eru þau styrkleikaskipt – hér getur verið gott að fá upplýsingar frá þjálfurum sem hafa farið á mörg mót erlendis.
- Hvert er líklegt lokaverð á svona móti – kynna sér hvað mótin hafa kostað síðustu ár.

Það er mikilvægt að fá nokkrar ferðaskrifstofur til að kynna hvaða mót eru í boði. Skynsamlegt getur verið að hafa forkynningu fyrir þjálfara og umsjónarmenn. Velja síðan 4-5 mót til að kynna fyrir foreldrum og kjósa síðan um hvert skal farið. Þegar búið er að kjósa á milli mótanna skal kjósa aftur á milli þeirra sem lentu í tveimur efstu sætunum til að gefa fólki sem kaus önnur mót en það efsta tækifæri til að segja sitt álit á þeim tveimur sem til greina koma.

Ef mögulegt er þá er gott ef vinna við forval á mótum fari fram áður en vallarsjoppuvinna hefst. Þannig er að hægt að kynna fyrir fólki líklegan áfangastað og mögulegt verðbil á ferðinni. Það gefur foreldrum betri forsendur til að ákveða hvort það ætli að taka þátt í vallarsjoppuvinnu eða ekki. Þetta er þó ekki endilega auðvelt í framkvæmd enda eitt og hálf t. ári fram að ferð þegar t.d. sjoppunefnd hefur störf.

Leiðbeinandi verðbil fyrir 4. flokks ferð er á bilinu 200-300 þúsund ef miðað er við verð undanfarinna ára.

Hin eiginlega keppnisferð

Liðsstjórar/fararstjórar

Hlutverk liðsstjóra/fararstjóra er mikilvægt og felur í sér mikla ábyrgð. Krakkarnir í 4. flokki eru að fara á sitt fyrsta erlenda mót og allt er miklu stærra en á litla Íslandi og að mörgu að huga. Þetta er auðveldara þegar krakkarnir eru komnir í 2. og 3. flokk en liðsstjórar/fararstjórar bera samt ekki minni ábyrgð þrátt fyrir það.

Það er mjög mikilvægt að þeir sem bjóða sig fram sem liðsstjórar/fararstjórar hafi einhverja þekkingu á liðunum og hafi verið í hlutverki liðsstjóra/fararstjóra á öðrum mótum.

Liðsstjórar/fararstjórar eru í vinnu allan tímann og bera ábyrgð á krökkunum á meðan á ferð stendur.

Liðsstjórar/fararstjórar þurfa að huga að ýmsu áður en farið er erlendis:

- Afla upplýsinga um lyf og matarræði.
- Fá samþykki fyrir ferð frá foreldrum /forráðamönnum.
- Sækja upplýsingar um gildistíma vegabréfa.
- Hitta alla forelda í spjalli til að fá sem besta mynd af hverju barni í sínu liði.
- Afla upplýsinga um allt sem viðkemur mótinu.
- Kortleggja ferðina og búa til dagskrá.
- Huga að öllum mat/vatni – sérstaklega á milli leikja.
- Huga að ferðum á keppnissvæði.
- Sjá um samskipti við ferðaskrifstofu heima.
- Sjá um samskipti við mótshaldara úti.

Nauðsynlegt er að hafa tvo liðsstjóra fyrir hvert lið og einn fararstjóra sem fer fyrir hópnum. Ef liðin eru 3 eða fleiri er ekki nauðsynlegt að hafa fararstjóra sem sjöunda mann heldur getur einhver hinna sex liðsstjóra tekið það hlutverk að sér. Það þarf hins vegar að vera skýrt hver er fararstjóri.

Fararstjórar/liðsstjórar þurfa að vera vel máli farnir til þess að geta bjargað sér erlendis.

Ferðafatnaður

Það er alltaf skemmtilegt þegar liðin fara erlendis í eins fatnaði.

Það er því tilvalið að skipa tvo í fatanefnd til að sjá um undirbúning fyrir val á ferðafatnaði og skipulagningu á söfnun auglýsinga á fatnaðinn til að niðurgreiða þennan kostnaðarlið eins mikið og kostur er.

Hafa skal í huga hvert er verið að fara og velja fatnað eftir því (utanyfirpeysur, stuttermabolir, stuttbuxur og jafnvel bakpokar). Mikilvægt er að huga líka að einhverjum fatnaði fyrir liðsstjóra/fararstjóra þannig að auðvelt sé að sjá hverjir fara fyrir hópnum og að hópur sé ein heild.

Hvað er innifalið í verði

Það þarf öllum að vera ljóst hvað er innifalið í endanlegu verði. Kynna þarf fyrir foreldrum hvað er innifalið og gera öllum ljóst að kostnaður vegna þjálfara, liðsstjóra og fararstjóra deilist niður á hvert barn auk heildarverðs frá ferðaskrifstofu. Sem dæmi má nefna að ferð sem kostar 160 þús frá ferðaskrifstofu fer auðveldlega í 200 þús kr per barn þegar allt er tiltekið.

Kostnaður sem deilist á hvert barn (ekki tæmandi listi):

- Verð frá ferðaskrifstofu.
- Ferðir til og frá flugvelli heima og heiman.
- Kostnaður vegna þjálfara (flug, gisting, dagpeninga).
- Kostnaður vegna liðsstjóra/fararstjóra (flug, gisting, matur).
- Nesti á ferðalagi,
- Millimál á hverjum degi ásamt vatni.
- Vasapeningar fyrir krakka.
- Ofl.

Boðsferðir fyrir liðið

Ef upp kemur sú staða að liði eða hluta af liði er boðið að taka þátt í móti erlendis, þ.e. ekki er um skipulagða ferð að ræða af umsjónarmönnum skal hafa það hugfast að ekki sé verið að mismuna iðkendum.

Ef boðið er þannig að aðeins hluti æfingahópsins rúmast inní þann ramma sem boðið er til, skal kynna það vel fyrir foreldrum og taka sameiginlega ákvörðun um hvort að hópurinn fari án þess að allir fari með, hvort hópurinn borgi fyrir þá sem ekki rúmast innan liðsins, a.m.k. skal leggja sig fram við það að iðkendum sé ekki mismunað og að ekki sé um geðþóttaákvörðun eins eða tveggja um það hverjir fara með og hverjir ekki.

***Við vonum að þú njótir þess að vera
Blikaforeldri og vinnir að því með
okkur öllum að gera gott félag enn
betra.***